silkiskór og flosskór. Sólhlífar. Kniplingar. Silki og silkivarningur. Fiður. Dúnn. Skrautfjaðrir. Veggmyndir. Myndabækur. Myndarammar. Glysvarningur og leikföng allskonar. Flugeldar og flugeldaefni. Úr. Klukkur. Gullsmíðis- og silfursmiðisvörur. Plettvörur. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Eirvörur. Nýsilfursvörur. Nikkelvörur. Tinvörur.

B. Með 10 % stimplast eftirtaldar vörur: Ávextir, nýir og niðursoðnir Blaðgull til gyllingar. Bókbandsefni. Boltar og rær. Brennisteinssýrur. Bæs. Ný egg. Eldavjela- og ofnahlutar. Gibslistar. Gleraugu. Grænmeti niðursoðið. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrimur. Heymælar. Hjólvax. Hljóðfæri nema grammófónar og grammófónplötur. Hnoð. Hunang. Hurðarhúnar. Húsgagnafjaðrir og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Kaffikvarnir. Kaffikönnur. Keðjulásar. Kitti. Kjötkvarnir. Kristallakk. Leðurlíking. Lofthanar. Nálar. Olíuhanar. Pakkalitur. Prjónar. Reiðhjólahlutar. Ritvjelar. Skotfæri. Skrúfur. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögn. Straujárn. Terpentína. Trjelím. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum. Vatnshanar. Viðhafnarlausir olíulampar. Vörpukeðjur. Þurkefni. Þvottaefni. Þurkaðir ávextir.

II. Aftan við 3. málsgrein 1. greinar kemur: Áttavitar. Baðmullartvinni. Hörtvinni. Hvítmálmur. Koparrör. Látún. Ljósker. Skriðmælar. Skrifbækur og kensluáhöld. Vefjarskeiðar. Vjelaþjettingar. Vjelavaselín. Asbestþráður. Kondensatorþráður.

III. Við síðustu málsgrein 1. greinar bætist: svo og allar vjelar til iðnaðar og framleiðslu.

2. Frumvarpsgreinin, sem verður 4. gr., orðast svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1925 og gilda til ársloka 1926.

3. Við fyrirsögn frumvarpsins bætist: og breyting á þeim lögum.

Alþingi, 4. apríl 1925.

| | | |
|---|---|---|
| Kl. Jónsson, formaður. | Magnús Jónsson, frsm. | Jón A. Jónsson, fundaskrifari. |
| Sveinn Ólafsson. | Björn Líndal. | Halldór Stefánsson. |

Jeg tel hagkvæmast, að þessi allviðtæki verðtollur, sem aldrei hefir verið ætlaður til frambúðar, verði látinn lækka ár frá ári, svo að hann hverfi á næstu 3—4 árum. Ætti hann því að lækka nú niður í 15 %. Ef það væri gert, væri að sjálfsögðu minni þörf fyrir 10 % flokkinn, sem meiri hlutinn vill taka upp, og framkvæmdin þá miklum mun einfaldari, en tekjurýrnunin væntanlega ekki mikil. Auk þess eru vandfundin mörkin milli flokkanna, ef fullrar sanngirni ætti að gæta. Mun jeg bera fram breytingartillögur þessu samkvæmt.

D. u. s.
Jakob Möller.